



Júlí 2017

Wunderhorn Tríoíð

í Reykjablíðarkirkju laugardaginn 8. júlí kl 21:00
Íslensk sönglög og óperuperfur. Frír aðgangur, allir velkomnir.

MUGISON í Léttsteypunni

fimmtudaginn 20. júlí kl 21:00
Frír aðgangur, allir velkomnir.
Balú Wraps & Sweets verður á staðnum.

Spunahljómsveitin TUSK á Gamla Bænum

föstudaginn 14. júlí kl 22:00
Frír aðgangur, allir velkomnir, 18 ára og yngri í fylgd með fullorðnum.

GÓSS: Sigurður Guðmundsson, Sigríður Thorlacius og Guðmundur Óskar í Jarðböðunum

föstudaginn 28. júlí kl 13:00
Allir velkomnir. Hefðubundið gjald ofan í böðin.

Við kynnum með stolti lifandi tónlist í Mývatnssveit í samstarfi við Jarðböðin



Fylgist með okkur á samfélagsmiðlum
[facebook.com/lakemyvatnconcertseries](https://www.facebook.com/lakemyvatnconcertseries)
[instagram.com/lakemyvatnconcertseries](https://www.instagram.com/lakemyvatnconcertseries)
[twitter.com/lakemyvatn](https://www.twitter.com/lakemyvatn)



Auglýsing um starf leikskólakennara/ grunnskólakennara

Þingeyjarskóli auglýsir eftir leikskólakennara að leikskóladeildinni Barnaborg.
Um 100% starfshlutfall er að ræða

Þingeyjarskóli auglýsir eftir grunnskólakennara í 50% starf við grunnskóladeildina skólaárið 2017-2018 vegna forfalla. Um yngri barna kennslu er að ræða.

Við leitum að kennurum sem:

- Treysta sér í faglega og metnaðarfulla vinnu
- Hafa lausnamiðaða nálgun á viðfangsefnum
- Eru sveigjanlegir og með góða samskiptahæfni
- Eru sjálfstæðir í vinnubrögðum og sýna/búa yfir frumkvæði

Þingeyjarskóli er samrekinn leik-, grunn- og tónlistarskóli með rétt um 100 nemendur. Þar af tæplega 30 leikskólanemendur á tveimur starfsstöðvum.

Áhersla er lögð á teymisvinnu og fjölbreytta kennsluhætti innan skólans. Rík tónlistarhefð er við skólann.

Lögð er áhersla á samvinnu og sameiginlega ábyrgð starfsmanna á verkefnum skólans. Í Þingeyjarskóla er unnið með byrjendalæsi.

Gerðar eru kröfur um mikla hæfni í mannlegum samskiptum, stundvísi og hreint sakavottorð.

Þingeyjarskóli er reyklusá vinnustaður.

Umsóknarfrestur er til 20. júlí 2017

Umsóknir skulu sendast á netfangið johannrunar@thingeyjarskoli.is

Nánari upplýsingar veitir Jóhann Rúnar Pálsson skólastjóri í vs 4643580 /8990702 eða í gegnum netfangið johannrunar@thingeyjarskoli.is



Fornir fimmtudagar – frestun á heimsókn að Hofsstöðum í Mývatnssveit.

Af óviðráðanlegum orsökum verðum við að fresta áður auglýstri heimsókna að Hofsstöðum í Mývatnssveit sem fyrirhuguð var fimmtudaginn 13. júlí.

Ný tímasetning verður auglýst síðar.

Hið þingeyyska fornleifafélag.



Gámavöllur Þingeyjarsveitar

Frá og með laugardeginum 15. júlí tekur gildi sumaropnun á gámavelli Þingeyjarsveitar í landi Stórutjarna. Sumaropnun gámavallar 15. júlí til og með 26. ágúst

Miðvikudagar: 16:00-18:30

Föstudagar: 16:00-18:30

Laugardagar: 10:00-12:00

Minum fólk að hafa klippikortin meðferðis. Þeir sem eiga eftir að fá klippikort geta nálgast þau á skrifstofu sveitarfélagsins á opnunartíma.

28. tbl.
12. júlí
2017
24. árg.

Hlaupastelpan

hlaupastelpan@isl.is, s: 4643366 / gsm: 8953386



Kaffihlaðborð sumarsins í Kiðagili Frá klukkan 14-17 eftirtalda sunnudaga

16. júlí Kaffihlaðborð með skemmtilegri afþreyingu fyrir börnin ☺ svo sem andlitsmálningu, hestum og ratleik.

30. júlí Þjóðlega kaffihlaðborðið þar sem starfsfólk klæðist þjóðbúningum, miðsumarsmarkaður

20. ágúst Slægjukaffi/ töðugjöld og markaður

Til fróðleiks:

Töðugjöld voru dálítill glaðningur, sem heimilisfólki var gefinn, þegar búð var að alhirða töðuna af túninu. Auðvitað fór það eftir efnum, ástæðum og lundarfari húsráðenda, hversu vel hann var útilátinn, en langalgengast mun hafa verið að gefa kaffi, sem einu sinni var reyndar hátíðardrykkur, og pönnukökur eða annað bakkelsi, sem á hverjum tíma þótti eftirsóknarverðast.

Myndlistasýning **Sólveigar Jónsdóttur** frá Sólvangi stendur út sumarið

Hlökkum til að sjá ykkur! -

Með kveðju, starfsfólk Kiðagils